

12.11.2012

Umsögn um frumvarp til laga um ríkisútvarpið

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis

Hér með er komið á framfæri til nefndarinnar ítrekuð umsögn Útvarps Sögu um frumvarp til laga um ríkisútvarpið frá 10.maí s.l ásamt viðbót.

1. Útvarp Saga telur að RÚV eigi ekki að vera á auglýsingamarkaði frekar en tíðkast í nágrennalöndum okkar. Ástæðan er augljós. Tekjur RÚV eru tryggðar með nefskatti og með því að heimila RÚV með lögum auglýsingasölu á markaði í samkeppni við frjálsar einkastöðvar er verið að virða að vettugi eðlileg samkeppnissjónarmið og því hamlar þetta fyrirkomulag verulega framgöngu annarra fjölmiðlafyrirtækja að mati Útvarps Sögu. Fyrirtæki í eigu ríkisins eiga ekki að njóta forréttinda á evrópskra efnahagssvæðinu. Engu breytir þótt RÚV kalli sig fjölmiðil í almannabágu. Allir þeir sem starfa á evrópska efnahagssvæðinu geta skilgreint starfsemi sína á þann veg að hún sé í almannabágu. Hér er um að ræða eitt markaðssvæði ekki hvað síst ef tekið er tillit til heimasíðna á Internetinu sem flestir fjölmiðlar eru með.

2.Í frumvarpinu er kveðið á um takmarkanir á tímalengd auglýsingabirtinga í sjónvarpi. Gert er ráð fyrir að RÚV megi birta auglýsingar í sjónvarpi í 8 mínútur pr. klst. Ekkert er getið um takmarkanir hjá RÚV á birtingum auglýsinga í útvarpi (hljóðvarp)í umræddu frumvarpi. Útvarp Saga telur mjög mikilvægt að tímatakmarkanir á birtingum auglýsinga á útvarpsstöðvum RÚV séu líka virtar. Er það mikilvægt sjónarmið að jafnræðis sé gætt á milli útvarps og sjónvarps hvað þetta varðar. Útvarp Saga telur brýnt að tímatakmarkanir á auglýsingabirtingum RÚV á hverja klst. sé takmarkaðar til samræmis við tímatakmarkanir í sjónvarpi RÚV.

3) Nefskattur. Útvarp Saga sendi umsögn á árinu 2006 til þáverandi menntamálanefndar Alþingis og lagði þá til að umræddur nefskattur yrði valkvæður fyrir ljósvakanotendur. Í framkvæmd þannig að notendur ljósvakamiðla gætu á ári hverju merkt við á skattframtali sínu hvaða ljósvakamiðill fengi nefskatt frá viðkomandi aðila það árið. Slíkt fyrirkomulag grunvallast á sanngirni þar sem ekki hefur verið sýnt framá með sannarlegum hætti að hlutverk RÚV sé í reynd mikilvægara en annarra ljósvakamiðla, hvorki að því er varðar: menningarhlutverk,öryggishlutverk,afþreyingarhlutverk, innlenda dagskrárgerð og upplýsingaskyldu við almenning eða hlutleysishlutverk.

4) Skoðanakannanir: Sérstaklega skal vakin athygli nefndarinnar á því fyrirkomulagi sem stundað er í dag af hálfu RÚV og 365 miðla að því er varðar framkvæmd á skoðanakönnunum sem mælir hlustun og áhorf með s.k. rafrænu kerfi á vegum Capacent Gallup. Í aprílmánuði 2007 undirrituð umræddir aðilar þ.e. RÚV og 365 miðlar ásamt Skjá 1 samkomulag þess efnis að Capacent Gallup mældi eingöngu umrædda aðila í rafræna kerfinu sem RÚV, 365 miðlar og Skjár 1 höfðu keypt. Það var ljóst að þetta samráð gekk og gengur í berhöggi við bæði 10.gr. og 15.gr. Samkeppnislega. Þrátt fyrir það fengu umræddir fjölmiðlar undanþágu frá Samkeppnislögum til þess að framkvæma mælingar með þessum hætti og gera enn þann dag í dag. Þetta fyrirkomulag útilokaði og hindraði alfarið aðra ljósvakamiðla s.s. Útvarp Sögu til þátttöku í þessum mælingum. Útvarp Saga lagði fram kæru til Samkeppnisyfirvalda fyrir 3 árum og hefur málið ekki enn verið afgreitt frá þeirri stofnun. Það er í alla staði óeðlilegt að RÚV með allt sitt fjárhagslega forskot, í gegnum ríkisvaldið, fái og geti komist upp með að stunda samkeppnisbrot og hamli þannig að minni ljósvakamiðlar geti setið við sama borð hvað varðar samkeppni á markaði.

Virðingarfyllst

F.h.Útvarps Sögu ehf

Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri